

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 94/1968. **Karl Lúðvíksson**
 gegn
Friðriki Bertelsen.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. b 21. gr. laga nr. 57/1962 hinn 30. apríl 1968 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst dóminum 17. maí 1968, og krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur, sem var birtur sóknaraðilja 22. apríl 1968, verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á mál aðilja og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Sóknaraðili, Karl Lúðvíksson, greiði varnaraðilja, Friðriki Bertelsen, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. þ. m., hefur Karl Lúðvíksson, Háteigsvegi 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. ágúst 1967, gegn Friðriki Bertelsen stórkaupmanni, Álfheimum 33, Reykjavík, til greiðslu skuldar að

fjárhæð kr. 350.000.00 auk 8% ársvaxta frá 15. apríl 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Skuldin er samkv. skuldarviðurkenningu (greiðslu-viðurk.), dagsettri 15. 4. 1966, en þann dag lánaði stefnandi stefnda kr. 350.000.00. Frá því á miðju sumri 1966 hafi öðru hvoru staðið yfir samningaviðræður um endurgreiðslu þessarar skuldar, en stefndi hefur þó enn eigi fengizt til að greiða skuldina“.

Af gögnum málsins má ráða, að vorið 1966 stóð til, að stefnandi og/eða sonur hans, Lúðvík Karlsson, og stefndi stofnuðu með sér félag um rekstur heildverzlunar með ákveðnar vörutegundir, sem stefndi hafði umboð fyrir. Var hér um að ræða Johnson & Johnson umboðið. Félag það, sem stofna átti á grundvelli þessa umboðs, átti að bera nafnið Bertelsen og Karlsson h/f. Aldrei var þó formlega gengið frá stofnun þessa félags, enda missti stefndi nefnt umboð. Er hér var komið, var sonur stefnanda, Lúðvík Karlsson, byrjaður að vinna við nefnt fyrirtæki. Stefnandi afhenti syni sínum, Lúðvíki Karlssyni, kr. 350.000.00, sem stefnandi heldur fram, að hafi átt að vera bráðabirgðalán, þar sem stefnda var mjög fjárvant. Lúðvík Karlsson afhenti síðan þessa fjárhæð stefnda, og gaf stefndi út kvittun fyrir þessari fjárhæð. Var kvittun þessi stíluð á stefnanda, undirrituð af stefnda og dagsett 15. 4. 1966. Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að framlag þetta hafi átt að vera framlag stefnanda sem stofnfé til nefnds fyrir-tækis, þ. e. Bertelsens & Karlssonar h/f.

Skömmu eftir að nefnd fjárhæð hafði verið lögð fram, var Johnson & Johnson umboðið tekið af stefnda. Hófust nú miklar samningaviðræður um það, hvernig stefndi gæti endurgreitt fjárhæðina, eftir því sem haldið er fram af stefnanda. Kom þá meðal annars til umræðu, að stefndi seldi stefnanda og/eða syni hans, Lúðvíki Karlssyni, og þriðja manni hlutabréf í Friðriki Bertelsen & Co. h/f, sem stefndi er aðaleigandi að. Umræðum þessum lauk þannig, að 12. maí 1966 skuldbatt stefndi sig til að selja syni stefnanda, Lúðvíki Karlssyni, og Árna Árnasyni verzlunarmanni hlutabréf í nefndu hlutafélagi að fjárhæð kr. 157.000.00 til hvors og til firmans kr. 2.000.00, eða samtals kr. 316.000.00, og skyldi verðið miðað við tvöfalt nafnverð, eða kr. 632.000.00. Hlutabréf-

unum skyldi skilað skuldlausum miðað við 11. maí 1966, og skyldi salan miðast við þann dag og kaupendur hirða arð af hlutunum frá þeim tíma. Þeim Lúðvík og Árna var frjálst að ganga að kaupum þessum eða hafna þeim. Var samkomulag þetta gert á skrifstofu lögmanns stefnanda og undirritað af stefnda 12. maí 1966. Stefndi heldur því fram, að þeir Lúðvík og Árni hafi gengið að kaupum þessum, og afhenti stefndi hlutabréfin í skrifstofu lögmanns stefnanda. Þeir Lúðvík og Árni byrjuðu þá að starfa við hlutafélagið Friðrik Bertelsen & Co. h/f og höfðu öll fjárráð og viðskipti þess í hendi sér, enda hafði stefndi skuldbundið sig með nefndum samningi að skuldbinda ekki hlutafélagið án samþykkis þeirra Lúðvíks og Árna.

Þar sem Friðrik Bertelsen & Co. h/f var fjárþurfi, var það að sögn stefnda forsenda fyrir kaupunum, að stefnandi útvegaði rekstrarfé, sem hann hafi og gert, meðal annars með fé því, sem nefnd kvittun var gefin fyrir. Kveður stefndi allt þetta fé hafa runnið til hlutafélagsins til ráðstöfunar fyrir son stefnanda, sem tekið hafi við félaginu eftir samkomulagið frá 12. maí 1966, svo sem fyrr greinir.

Stefnandi hefur lagt fram meira fé til Friðriks Bertelsens & Co. h/f heldur en fé það, sem stefnt er fyrir í máli þessu. Hefur stefnandi borið, að þegar viðræður hafi staðið yfir um hugsanleg kaup á hlutabréfum í Friðriki Bertelsen & Co. h/f, hafi stefndi gefið upp, hvaða skuldir hvíldu á fyrirtækinu, en stefnandi mundi eigi að greina þá tölu, er hann kom fyrir rétt í máli þessu. Síðan segir stefnandi, að endurskoðandi Friðriks Bertelsens & Co. h/f hafi kannað fjárhag félagsins og hafi þá komið í ljós, að fjárhagur þess var mjög bágur. Hafi áhugi þeirra því dvínað fyrir kaupum á hlutabréfunum.

Stefndi hefur borið, að ekkert af því fé, sem stefnandi hafi lagt fram, fyrst í þágu hins fyrirhugaða fyrirtækis, Bertelsens & Karlssonar h/f, og síðan til Friðriks Bertelsens & Co. h/f, hafi runnið til stefnda persónulega. Hins vegar hafi féð verið notað til þess að leysa út vörur, sem Friðrik Bertelsen & Co. h/f hafi átt í tolli frá Johnson & Johnson umboðinu, og enn fremur til þess að greiða vörur frá Johnson & Johnson, sem komið hafi á nafn Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Hafi þessar vörur farið inn á lager hjá Bertelsen & Karlsson h/f. Hafi Lúðvík Karlsson haft fjárreiður Bertelsens & Karlssonar á hendi.

Meðan þeir Lúðvík og Árni Árnason störfuðu hjá Bertelsen & Karlsson h/f og síðar Friðriki Bertelsen & Co. h/f, segir stefndi,

að þeir hafi haft allt bókhald, inn- og útborganir og öll plögg því viðkomandi undir höndum. Hafi þeir tekið þau með sér, er þeir yfirgáfu félagið, og eigi skilað þeim aftur þrátt fyrir áskorun þar um. Auk þess að taka þessi plögg með sér er því haldið fram af hálfu stefnda, að er þeir fóru, hafi þeir tekið svo að segja allar eigur félagsins í sínar vörzlur og hirt andvirðið. Auk þeirra vara, sem þeir Árni og Lúðvík hafi tekið í sínar vörzlur, segir stefndi, að þeir hafi sent viðskiptavinum Friðriks Bertelsens & Co. h/f bréf, þar sem beint sé þeim tilmælum til þeirra að senda vixla fyrir ógreiddum vörum í box 1282, en póstbox þetta sé ekki á vegum nefnds hlutafélags. Bréf þetta hafi verið undirritað „L. Karlsson“. Stefndi heldur því fram, að tilgangurinn með því að taka nefndar kröfur og reyna að ná í vixla þessa muni hafa verið sá að grynna á inneign stefnanda hjá hlutafélaginu.

Hinn 20. júlí 1966 ritaði lögmaður stefnanda stefnda og Friðriki Bertelsen & Co. h/f kröfubréf, þar sem þessir tveir aðiljar eru krafðir um greiðslu á kr. 265.188.45, sem talið er vera eftirstöðvar af peningaframlagi afhentu þeim. Eigendur kröfunnar voru í nefndu bréfi taldir þeir stefnandi, Lúðvík Karlsson og Árni Árnason. Í bréfi þessu varð eigi séð, hvernig krafa þessi var upp byggð, en af hendi stefnda er talið, að ekki sé ósennilegt, að þeir hafi talið fjárhæð þessa þann mismun á framlagi þeirra til hlutafélagsins og andvirði þeirra vara og þess fjár, sem þeir hafi tekið út hjá hlutafélaginu.

Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi látið Lúðvík, son sinn, hafa meira fé en þær 350.000.00 kr., sem fjallað er um í máli þessu. Sagði stefnandi, að hann hefði kvittanir fyrir þessum umframfjárhæðum og minnti, að þær væru undirritaðar fyrir hönd Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Er stefnandi var að því spurður, hvort hann hefði fengið fé þetta endurgreitt frá Friðriki Bertelsen & Co. h/f, sagði hann, að hann hefði verzlað talsvert við þetta fyrirtæki og hafi sér þá ýmist verið boðið að greiða vöruna við móttöku eða með gjaldfresti. Sagði hann, að vörur, sem hann hefði tekið út á þessu tímabili, muni hafa verið greiddar með kvittunum, sem hann hafi fengið hjá Friðriki Bertelsen & Co. h/f. Stefndi kvað endurskoðanda Friðriks Bertelsens & Co. h/f hafa farið í gegnum þetta og telji hann, að það hafi komið í ljós við þá endurskoðun, að stefnandi hafi verið búinn að greiða fyrir þær vörur, sem hann hafi tekið út hjá nefndu fyrirtæki. Er stefnandi var fyrir réttinum, var honum bent á misræmi það, sem er á milli fjárhæðarinnar í bréfi lögmanns hans frá 20.

júlí 1966 og stefnufjárhæðar málsins, og hann inntur eftir skýringum á misræmi þessu. Kvaðst stefnandi þá álíta, að í þessu sambandi ætti að fara eftir þeim tölum, sem fram hefðu komið við endurskoðun endurskoðanda Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki vita þá fjárhæð, en kvaðst mundu gefa eftir af kröfu sinni, ef það kæmi í ljós, að hún væri of há miðuð við niðurstöðu endurskoðandans. Lögmaður stefnda innti þá stefnanda eftir því, hvort þetta þýddi, að stefnufjárhæð málsins væri ekki „örugg og hrein“, og sagðist stefnandi eigi vita það og tók fram, að hann óskaði eftir því, að í þessu máli yrði farið eftir niðurstöðu nefnds endurskoðanda.

Er hér var komið, óskaði lögmaður stefnda bókað: „Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið í dag, áskil ég mér rétt til þess að koma að nýjum kröfum í málinu“.

Á grundvelli þessa áskilnaðar hefur stefndi nú krafizt frávísunar á máli þessu, svo sem fyrr er rakið. Styður hann frávísunarkröfu sína þeim rökum, að mál þetta sé vanreifað. Stefnukrafan sé óljós og á reiki og dómkröfur stefnanda því ódómhæfar. Sé þessi málaltilbúnaður stefnanda brýnt brot á reglum um skýran og afdráttarlausan málaltilbúnað, sbr. 88. gr. og 105. gr. einkamálaganna. Beri því að vísa máli þessu frá dómi, enda hafi stefnandi sjálfur í réttarhaldi viðurkennt, að hann vissi ekki, hvort stefnukrafan væri „hrein og örugg“. Hefði stefnanda þó verið í lófa lagið að setja þegar í upphafi fram skýlausar kröfur í máli þessu með því að láta endurskoðun fara fram á öllum gögnum framangreindra fyrirtækja, enda væru þau öll í vörzlum þeirra Árna Árnasonar og sonar stefnanda, Lúðvíks Karlssonar. Þetta hafi stefnandi ekki gert og beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi hefur krefizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og tekið verði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun málskostnaðar, þegar efnisdómur verður endanlega uppkveðinn í málinu. Stefnandi telur, að mál þetta sé ekki vanreifað, enda megi ekki blanda því framlagi stefnanda, sem hér er krafizt endurgreiðslu á, saman við önnur framlög stefnanda til Friðriks Bertelsens & Co. h/f. Enn fremur hefur stefnandi bent á það, að Friðrik Bertelsen hafi persónulega gefið kvittun fyrir nefndum kr. 350.000.00, og jafnframt, að Friðrik Bertelsen hafi í réttarhaldi hér fyrir dóminum viðurkennt, að hann hefði einn ráðstöfunarétt á öllu hlutafé Friðriks Bertelsens & Co. h/f.

Með skírskotun til frávísunarröksemda stefnda þykir rétt að

vísa máli þessu frá dómi, enda er það ódómhæft, þar sem stefnandi hefur óskað eftir því, að „í þessu máli verði farið eftir niðurstöðu endurskoðandans . . .“, en hefur hvorki lagt fram þá niðurstöðu né mundi hann að greina frá henni við yfirheyrslu í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þykir sá málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Karl Lúðvíksson, greiði stefnda, Friðriki Bertelsen, kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 169/1967. **Kristján Bjarnason**

(Jónas A. Aðalsteinsson hdl.)

gegn

Guðmundi Eyjólfsyni,

Sigurði Eyjólfsyni og

Önnu Eyjólfsdóttur og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Yfirlandskiptagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1967, gerir þær dómkröfur, að yfirlandskiptagerð frá 14. nóvember 1964, er í málinu greinir,